



REKSTRARLEYFI

FE-1159

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi:	Arctic Sea Farm hf.	Kennitala:	700807-0450
Starfsstöð:	Arnarfjörður	Hámarkslífmassi:	4.000 tonn
Gildir frá:	21.03.2021	Gildir til:	21.03.2038
Starfsemi:	Sjókvíaeldi, kynslóðaskipt áframeldi		
Tegundir:			
Lax / <i>Salmo salar</i>		StofnFiskur:	Frjór lax

Svæði - Nýtingarreitur	Hnit
Trostansfjörður A ¹ - SN12	1. 65°38.130'N 23°26.400'W, 2. 65°38.400'N 23°25.800'W 3. 65°37.850'N 23°24.550'W, 4. 65°37.580'N 23°25.180'W
Lækjarbót B – SN16	1. 65°49.050'N 23°47.920'W, 2. 65°48.400'N 23°46.550'W, 3. 65°47.990'N 23°47.350'W, 4. 65°48.590'N 23°48.840'W,
Hvestudalur C – SN9	1. 65°42.900'N 23°40.260'W, 2. 65°43.300'N 23°39.640'W, 3. 65°42.790'N 23°37.650'W, 4. 65°42.400'N 23°38.300'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarbolli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarbolli og/öða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

¹ Svæðinu Trostansfirði var bætt við 4. desember 2025.



Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórra laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórreiði seiða og þar til fiskur er orðinn að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir $[60]^2$ g.


Sjókvíaeldisstöðvar skulu vera innan nýtingareita samkvæmt strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og tilgreindir eru í leyfi. Eldisbúnaður og kvíar skulu vera í samræmi við áhættumat siglinga fyrir eldissvæði innan nýtingareita í leyfi.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur strjúki vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem strýkur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stoks sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðafni hjá framleiðanda hroga.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.


Hörnn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri



² Stærð seiða breytt 11.03.2026